

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 135/65
komudagur 5.11.2007

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

1. nóvember 2007
Tilvísun: 2007100062

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda, 67. mál.

Með vísan til bréfs yðar, dags. 18. október sl., hefur Fjármálaeftirlitið yfirfarið frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda.

Í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er fjallað um fyrningu krafna vegna innlána eða verðmæta sem lögð hafa verið inn hjá fjármálafyriræki, opinberum sjóði eða öðrum aðila, sem hefur heimild til að taka við innlánnum frá almenningi. Í 2. gr. ákvæðisins segir að krafa skv. 1. mgr. fyrnist þó því aðeins að viðtakandi fjármuna geri áður eðlilegar ráðstafanir til að vekja athygli kröfuhafa eða erfingja hans á að krafan sé að fyrnast.

Að mati eftirlitsins er ekki skýrt hvað teljist vera eðlilegar ráðstafanir til að vekja athygli kröfuhafa á yfirvofandi fyrningu. Hér er um mikilvæga neytendavernd að ræða og því áriðandi að það sé ljóst til hvaða ráðstafana ber að grípa í þessu efni. Það er því tillaga eftirlitsins að orðalag 2. mgr. 4. gr. verði eftirfarandi:


„Krafa skv. 1. mgr. fyrnist þó því aðeins að viðtakandi fjármuna vekji athygli kröfuhafa eða erfingja hans, tímanlega og á sannalegan hátt, að krafan sé að fyrnast.“

Hvað telst sannanlegur háttur myndi t.d. teljast tilkynning send með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða öðrum sambærilegum hætti. Jafnframt er nauðsynlegt að slík tilkynning sé send tímanlega þannig að aðilar hafi svigrúm til að grípa til ráðstafana.

Að öðru leyti hefur Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Guðrún Áslaug Jónsdóttir